



## Fundargerð

435. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps,  
þriðjudaginn 19. feb. 2019 kl. 15:00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt eru; Ingimar Ingimarsson oddviti (II), Karl Kristjánsson (KK), Árný Huld Haraldsdóttir (ÁHH) og Ágústa Ýr Sveinsdóttir (ÁÝS) og Rebekka Eiríksdóttir (RE) í forföllum Jóhönnu Aspar Einarsdóttur og Emblu Daggar B. Jóhannsdóttur (EDBJ) auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 2 blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og setti fund. Hann óskaði eftir að „Húsnæðisáætlun Reykhólahrepps 2019-2027“ og „Ljósleiðari tilboð“ verði tekin á dagskrá undir liðnum önnur mál.

Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

### Fundargerðir sveitarfélagsins.

1. **434. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps 22. jan. 2019:**  
Fundargerð síðasta fundar tekin fyrir, samþykkt og undirrituð.
2. **Stjórn Barmahlíðar 13. feb. 2019:** Lögð fram og rædd. Fundargerðin samþykkt samhljóða.
3. **Umhverfis- og náttúruverndarnefnd 14. feb. 2019:** Sveitarstjóri fór yfir fundargerðina. Fundargerðin samþykkt samhljóða.

### Mál til afgreiðslu.

4. **Gjaldskrár:** Sveitarstjóri lagði fram tillögur að breytingum á gjaldskrá sveitarfélagsins fyrir árið 2019.
  - a) Gjaldskrá tónlistadeildar Reykhólaskóla. Samþykkt samhljóða.
  - b) Gjaldskrá fyrir Grettislaug. Samþykkt samhljóða.
  - c) Gjaldskrá útleigu á húsnæði Reykhólaskóla vegna menningarviðburða. Samþykkt samhljóða.
  - d) Gjaldskrá húsnæðis Reykhólahrepps. Samþykkt samhljóða.
  - e) Gjaldskrá fyrir Reykhólahöfn. Samþykkt samhljóða.
  - f) Gjaldskrá vegna hunda- og kattahalds. Samþykkt samhljóða.
  - g) Gjaldskrá vegna máltíða í mötuneyti Reykhólahrepps. Samþykkt samhljóða.

- h) Gjaldskrá fyrir leikskóladeild Reykhólaskóla. Samþykkt samhljóða.
- i) Gjaldskrá vegna útleigu á íþróttahúsi til íþróttta-, ungmenna- og félagsstarfs til heilsuefningar. Samþykkt samhljóða.
- j) Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs. Samþykkt samhljóða.
- k) Gjaldskrá fyrir tjaldsvæði á Reykhólum. Samþykkt samhljóða.
- l) Gjaldskrá fyrir fráveitu Reykhólahrepps. Samþykkt samhljóða.

Gjaldskránnar verða settar á vef sveitarfélagsins.

5. **Endurskoðun aðalskipulags - Vestfjarðavegur:** Lögð fram tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018, Vestfjarðavegur milli Bjarkalundar og Skálaness. Ráðgjafi við mótun tillögunnar var Alta ehf. Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa tillöguna skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 7. gr. laga um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006 að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar. Jafnframt lögð fram 3. útgáfa Vestfjarðavegur valkostagreining frá Viaplan, athugasemdir Vegagerðarinnar við skýrslu Viaplan og svör Viaplan við athugasemdum Vegagerðarinnar.

Tillagan er samþykkt með tveimur atkvæðum gegn engu. Þrír sátu hjá.

II, KK og ÁÝS lögðu fram svohljóðandi bókun: Undirrituð telja að R-leið Multiconsult sé heppilegust fyrir samfélagið á Reykhólum og Reykhólahrepp. Það sýnir valkostagreining Viaplan svo ekki verður um villst. En þar sem leið Þ-H var ákveðin af meirihluta sveitarstjórnar 22. janúar s.l. munum við ekki standa í vegi fyrir frekari afgreiðslu málsins. Því sitjum við hjá.

### Önnur mál:

6. **Reykhólahreppur - Húsnæðisáætlun 2019-2027:** Lögð fram tillaga að Húsnæðisáætlun Reykhólahrepps 2019-2027 sem VSÓ ráðgjöf hefur unnið fyrir hreppinn. Hún var samþykkt samhljóða.
7. **Ljósleiðari - tilboð:** Tekið fyrir tilboð Fjarskiptasjóðs til ljúkningar lagningu ljósleiðara um Gufudalssveit vegna verkefnisins Ísland ljóstengt 2019. Tilboð Fjarskiptasjóðs hljóðar upp á 8.640.000 kr. Sveitarstjórn samþykkir tilboðið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.17:17.

_____	_____
_____	_____
_____	_____